

Miðvikudaginn 20. desember 1989.

Nr. 155/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Skúla Helga Skúlasyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Nauðgun. Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og staðfestingar á ákvörðun skaðabóta.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds, en til vara, að refsing verði milduð verulega. Þá er krafist málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

I.

Með úrskurði Hæstaréttar 19. október 1989 var mælt fyrir um öflun nýrra gagna.

Af því tilefni hafa vottorð læknanna Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum við skurðeild Borgarspítalans, og Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, verið lögð fyrir Hæstarétt. Í vottorði Jóhönnu koma ekki fram aðrar upplýsingar en voru í fyrra vottorði hennar.

Vottorð Jóhannesar M. Gunnarssonar er svohljóðandi:

„1) Spurt er um hugsanlega ytri áverka á líkama ofanskráðrar konu, eftir að hún kom á skurðlækningadeild Borgarspítalans 7.9. '88. Sjúklingur var við komuna með marblett við megin á hálsi framan til, ca. 2 cm á breidd og 7 cm langan, virtist nýlegur. Á baki yfir spjaldhrygg voru tveir samliggjandi marblettir, hvor um sig ca. 4x4 cm, og virtust einnig nýlegir. Að öðru leyti fundust ekki merki um ytri áverka umfram það, sem fram kemur í fyrra vottorði og lýtur að kviðarholsáverka.

2) Spurt er um líkur á því, að gat á görn, sem áður hefur verið lýst, hafi getað stafað af öðru en höggi á kvið konunnar.

Svar: Mar á görninni í kringum gatið, sem á hana kom, bendir eindregið til þess, að sjúklingur hafi fengið högg á kviðinn (blunt trauma). Ekki verður séð, að fyrri áverkar geti tengst þessu á neinn hátt, og mjög ólíklegt, að samfarirnar í sjálfu sér hafi valdið þessum áverka á görnina.

Áverkarnir í sjálfu sér geta þannig vel samrýmst því að hafa orðið við þann áverka, sem sjúklingur kvaðst hafa orðið fyrir, og einnig gat útlit þeirra bólgubreytinga í kviðarholi, sem orðið höfðu sem afleiðing gatsins í görninni, vel bent til að vera allt að því sólarhringsgamlar, þegar aðgerðin fór fram, en það samrýmist einnig sögu sjúklings hér á deildinni.“

II.

Sannað er með eiðfestum framburði vitnisins K og vottorðum læknisins Jóhannesar M. Gunnarssonar, að ákærði sló stúlkuna í kviðinn með þeim lífshættulegu afleiðingum, sem lýst er í ákæru. Þá er einnig sannað með frásögn ákærða, frásögn vitnisins K, umræddum læknisvottorðum og ummerkjum á fatnaði vitnisins, að ákærði hefur þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis, svo sem lýst er í ákæru.

Ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga og 77. gr. sömu laga, ber að ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, og með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er og ákærði hlaut reynslulausn á 23. janúar 1987. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin svo sem í héraðsdómi segir, fjögur ár og sex mánuðir. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni gæsluvarðhald það, sem ákærði sætti við rannsókn málsins, frá 14. september 1988 til 28. sama mánaðar.

IV.

Staðfesta ber það ákvæði hins áfrýjaða dóms, að ákærði greiði K 400.000,00 krónur í miskabætur með meðalvöxtum samkvæmt

auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, svo sem krafist hefur verið fyrir Hæstarétti. Vexti skal reikna frá 6. september 1988 til greiðsludags.

V.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Helgi Skúlason, sæti fangelsi fjögur ár og sex mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. september 1988 til 28. sama mánaðar.

Ákærði greiði K 400.000,00 krónur með vöxtum frá 6. september 1988 til greiðsludags, sem séu meðalvextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 8. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 80.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudag 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 732/1988: Ákærvaldið gegn Skúla Helga Skúlasynti, sem tekið var til dóms 27. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. desember sl., á hendur ákærða, Skúla Helga Skúlasynti, til lögheimilis að Tunguseli 4, en búsettum að Öldugötu 11 í Reykjavík, fæddum 24. júlí 1964 í Reykjavík.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir nauðgun og stórfellda líkamsmeiðingu með því að hafa aðfaranótt þriðjudags 6. september 1988 ráðist á konuna K, öryrkja, á heimili hennar í risibúð að [...], Reykjavík, og þröngvað henni þar til holdlegs samræðis með hrotta-

fengnu ofbeldi, m.a. veitt henni svo þungt högg í kvið, að af hlaust lífshættulegur áverki í kviðarholi, dreifð lífhimnubólga og rof eða gat á görn, og þurfti konan að gangast undir skurðaðgerð á Borgarspítalanum í Reykjavík eftir bráðainnlögn að kvöldi 6. september.

Atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Skömmu fyrir klukkan 11 árdegis miðvikudaginn 7. september sl. var leitað til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna K [...], Reykjavík, sem væri á Borgarspítalanum í lífshættu eftir nauðgun og líkamsmeiðingar. Var það systir K, sem hafði samband við rannsóknarlögregluna.

Systir K skýrði svo frá, að K hefði leitað til læknis vegna nauðgunar morguninn áður, en eftir skoðun hefði henni verið bent á, að kæmu fram kviðarholswerkir, ætti hún að leita læknis á ný. Það hafi gerst og nætur-læknir lagt hana inn, og eftir skoðun og síðan skurðaðgerð hefði komið í ljós gat á görn og saur farið um hana innvortis og það leitt til lífhimnubólgu.

Systir K hafði það eftir henni, að mánudagskvöldið næst á undan hefði hún farið á veitingastaðinn Abracadabra og hitt þar mann, sem hún vissi ekki nafn á og ekki annað en hann væri stýrimaður á fiskibát frá Reykjavík, sem færi á veiðar um hádegisbil 6. september. Aðrar upplýsingar hafði systir K ekki frá systur sinni en þær, að maður þessi hefði nauðgað henni og veitt henni hnefahögg í maga, svo mikið, að hún hefði fallið saman og síðar verkjað enn meira. Þá fylgdi það með, að maðurinn hefði beðið hana afsökunar á framkomu sinni.

Systir K kvað hana vera 75% öryrkja eftir umferðarslys fyrir 10 árum eða svo, og væri hún bæklud á fæti og hendi auk innvortis meiðsla.

Hinn 8. september fór rannsóknarlögreglumaðurinn Dóra Hlín Ingólfsdóttir í Borgarspítalann og yfirheyrði þar K, eins og heilsufar hennar leyfði, en hún virtist greinilega mjög þjáð. Í þessari yfirheyrslu lýsti K umræddum manni og gerði grein fyrir frásögn hans af sér og sínum högum. Þá kom fram, að K mundi ekki nafn mannsins, en helst væri það Helgi eða eitthvað líkt því.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði vettvangsrannsókn á heimili K síðdegis 7. september og fann þá á öskubakka far eftir þumalfinger hægrí handar ákærða, Skúla Helga Skúlasonar, sem rannsóknarlögreglan hafði oftsinnis áður haft afskipti af. Lá niðurstaða þessi fyrir 12. september. Var næsta dag hafin leit að ákærða og gefin út handtökuskipun á hann. Sama

dag kom ákærði sjálfur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, en búið var að hafa samband við tvær systur ákærða, sem vildu ekki gefa upp heimilisfang hans, en sögðust ætla að koma til hans skilaboðum um að hafa samband við rannsóknarlögregluna.

Ákærði gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu sama dag, og næsta dag þar á eftir var þess krafist, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Var sú krafa tekin til greina í dómnum samdægurs og ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudags 28. september klukkan 17. Vék ákærði frá í gæslu umdræddan dag klukkan 17.05. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en þar var hann staðfestur 20. september.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins K, sem hefur unnið eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi hitt ákærða í veitingahúsinu Abra-cadabra umrætt kvöld, en þar var vitnið með vinkonu sinni. Var vitnið undir áhrifum áfengis. Fannst því ákærði kátur og viðkunnanlegur. Ekki man vitnið eftir að hafa dansað við ákærða, en hann sagði vitninu, að hann vildi halda áfram að drekka, en vildi ekki fara með áfengi heim til kærustu sinnar. Bauð vitnið ákærða að drekka heima hjá sér. Finnst vitninu, að það hafi verið orðið mikið ölvað, þegar það fór úr veitingahúsinu með ákærða, en hann hafi verið með tvær hvítvínslöskur og eina flösku af rauðvíni. Segir vitnið, að það hafi sagt ákærða í veitingahúsinu, að ef hann fylgdi vitninu heim, kæmi ekkert kynferðislegt til mála.

Vitnið man, að þegar komið var heim til þess, fór ákærði að eiga við að opna eina flöskuna, en síðan bregst minni vitnisins aðeins. Það man ekki eftir að hafa setið í sófa með ákærða, en þorir ekki að útiloka það. Vitnið minnir, að það hafi sest andartak og minnst við ákærða á kisu sína, sem þarna var. Vitnið man hins vegar, að köttur þess fór inn í svefnherbergið. Var vitnið þá búið að sækja glas fram í eldhús. Vitnið ætlaði síðan að snúa við og fá sér í glas, en það var nær ekkert farið að drekka af áfengi á heimili sínu eftir komuna þangað, en það telur, að liðnar hafi verið 20 mínútur eftir komuna þangað, þegar hér var komið.

Vitnið kveðst hafa staðið í svefnherbergisdyrunum og snúið sér við, þegar ákærði stóð fast upp við það og sagði: „Ég ætla að fá þig“. Tók ákærði þá taki í peysu vitnisins og kippti því að sér þannig, að andlit þeirra urðu saman. Tók vitnið þessu eins og gríni og ýtti ákærða frá sér og sagði honum hálfhlægjandi að láta ekki svona. Vitnið gat aðeins losað sig og hörfað, en ákærði tók það aftur í fangið. Sá þá vitnið, að alvara var á ferðum. Braust vitnið um og gat losnað frá ákærða. Voru þau þá frammi í stofunni, og hafði vitnið komist 2-3 skref frá ákærða. Vitnið gat haldið jafnvægi, en það var fyrst við að falla aftur yfir sig. Þegar vitnið var búið að ná jafnvægi, sló ákærði með hnefa annarrar handar mikið högg í kvið vitnisins,

sem kenndi mjög mikið til. Ekki missti vitnið jafnvægið, en stífnaði upp og fór í keng, en datt ekki alveg í gólfið. Fannst vitninu ákærði hafa hnefann þannig krepptan, að langatöng hafi skagað fram kreppt.

Vitnið minnir, að ákærði hafi þessu næst tekið í axlir vitnisins og ýtt því aftur á bak, en vitnið kveðst hafa spyrnt á móti. Það féll nú aftur á bak í rúm sitt á ská með fæturna út af. Ákærði lagðist síðan ofan á það smástund, en síðan stóð hann upp og reif fötin utan af vitninu og fór sjálfur úr fötunum. Vitnið segir, að líðan þess hafi verið mjög slæm eftir höggð, þegar hér var komið. Vitnið reyndi að rísa upp, en gat það ekki, þar sem ákærði ýtti því jafnharðan aftur niður. Þá fann vitnið mjög mikið til í kviðarholi.

Vitnið kveðst hafa sagt ákærða, þegar hann ætlaði að fara að hefja samfarirnar, að það væri með tíðatappa. Virtist ákærði þá hika aðeins, en sagði síðan, að það skipti ekki máli, og hélt áfram. Lá ákærði ofan á vitninu og setti varir sínar yfir varir þess. Var ákærði þá búinn að glenna sundur læri vitnisins. Vitnið getur ekki ímyndað sér, að ákærði hafi verið lengi að hafa samfarir við það, en hann rak liminn harkalega inn í vitnið, sem fann ofsalega verki um allan líkamann.

Vitnið segir, að ákærði hafi eftir samfarirnar gengið nokkrum sinnum um frammi í stofunni, en síðan kom hann inn í svefnherbergið, lagðist hjá vitninu, og sofnuðu þau bæði.

Vitnið segir, að það hafi ekki farið og leitað sér aðstoðar vegna hræðslu við manninn og þess, hversu kvalið það var. Það mótmælir framburði ákærða um það, að það hafi haft samfarir við hann af fúsum vilja að undangengnu „kelerfi“, en því heldur ákærði fram.

Vitnið var yfirkomið af sársauka í maga og lá um stund í rúminu, en þurfti þá að fara á salerni. Var það nokkuð lengi að rísa upp og komast að íbúðardyrnum, en salernið er frammi á stigagangi. Var vitnið við dyr fram á stigaganginn, þegar það fann, að allt rann niður af því, saur eða eitthvað, og gat vitnið ekki haldið því. Reyndi vitnið að þrifa eitthvað upp, en lagðist síðan aftur upp í rúmið, en þar lá ákærði í hnipri. Lagðist vitnið fyrir neðan til fóta, og um leið og það lagðist, kastaði það upp tvívegis. Gat vitnið aðeins legið á bakinu. Það gat ekki þrifið upp æluna, en það sofnaði fljótlega aftur. Næsta morgun um klukkan 9 vaknaði vitnið og ákærði rétt á eftir því. Áður en hann vaknaði, setti vitnið stórt þaðhandklæði yfir æluna.

Vitnið reyndi að hagræða sér í rúminu, en það var mikið kvalið. Ákærði fór síðan að segja vitninu af högum sínum, og einnig hafði hann orð á því, hvort vitnið vildi ekki koma út að borða, en vitnið, sem var þyrst, treysti sér ekki til þess vegna þess, hversu kvalið það var í maga. Þá segir vitnið, að ákærði hafi boðist til þess að fara út og sækja maltöl, og hafi

hann gert það, en áður það ákærði vitnið fyrirgefningar á því, sem komið hefði, fyrir kvöldið áður og sagðist ekki vita, hvað hefði komið yfir sig. Vitnið kveðst hafa leyft ákærða að fara í steypibað og fór einnig sjálfst á eftir. Vitnið hresstist ekkert við baðið og fór strax beint í rúmið.

Eftir að ákærði kom frá að sækja maltið, en vitnið sagði ákærða, hvar næsta „sjoppa“ væri, sagðist hann þurfa að komast heim til að kveðja unnustu sína, áður en hann færi út á sjó, en hann hefði hitt skipsfélagi sinn í búðinni, og hefði hann sagt, að skipið ætti að fara klukkan 13, en áður var ákærði búinn að segja, að það ætti að fara klukkan 14. Ákærði fór síðan, en áður hafði hann hellt hvítvíni í glas handa vitninu og boðið því mogadon, sem myndi slá á verkina. Vitnið drakk bæði glas af malti og tvo eða þrjá „sjússa“ af hvítvíni, en kom ekki meira niður. Lá vitnið síðan um stund, eftir að ákærði var farinn. Kveðst vitnið hafa farið að leita að tappanum, sem hafi átt að vera uppi í leggöngunum, en fann hann ekki. Staulaðist vitnið fram og henti rifnu fötunum í rusladall svo og tómu flöskunum.

Vitnið ætlaði að leita lækni til að ná tappanum, en þegar það gekk, fann það sárt til. Komst vitnið út í næsta söluturn, en treysti sér ekki lengra. Þar sagði það einhverjum strák frá því, að sér hefði verið nauðgað. Fór hann að spyrja, hver hefði gert það, og sagðist ætla að berja hann. Þessi strákur hringdi fyrir vitnið í leigubifreið, og í henni fór vitnið til kunningja síns, A. Sagði vitnið honum, að það teldi verkina vera út af tappanum. A ók vitninu að Borgarspítala vegna þessa og síðan að kvennadeild Landspítalans, þar sem tappinn var fjarlægður og vitninu sagt að hafa samband við kvensjúkdómalækni, ef því batnaði ekki af verkjunum. Ekki sagði vitnið frá barsmið ákærða, þar sem það taldi verkina út af tappanum, og auk þess hafði vitnið lofað ákærða að segja ekki frá málinu.

Verkirir bötundu ekki, og hringdi þá A á næturlækni, en vitnið var hjá A. Næturlæknirinn sendi vitnið á sjúkrahús, þar sem það var skorið upp að skoðun lokinni.

Vitnið segist vera búið að ná sér eftir uppskurðinn og sé að mestu í jafnvægi eftir nauðgunina.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dóminum, áður en hann var úrskurðaður í gæslu, og er framburður hans hjá rannsóknarlögreglu og við meðferð málsins þessi:

Ákærði kveðst hafa farið í veitingahúsið Abracadabra að kvöldi mánu dags 5. september sl. og hitt þar K. Hafi þau tekið tal saman og fengið sér í glas. Segir ákærði, að þau hafi látið vel hvort að öðru og ákveðið að fara heim til hennar, en áður hafi ákærði keypt nokkrar flöskur af léttvíni á bar veitingahússins.

Ákærði kveðst ekki hafa þekkt K fyrir þetta kvöld, heldur hafi verið

um „skyndikynni“ að ræða. Kveður ákærði það hafa verið tilgang sinn að dveljast næturlangt á heimili K, en þau hafi þó ekki rætt um þetta sérstaklega.

Þegar komið var heim til K, segir ákærði, að þau hafi sest í sófa í stofunni og haldið áfram að „kela“ og kyssast, og hafi þau neytt áfengis á meðan. Síðan hafi þau farið inn í svefnherbergið, þar sem ákærði hafi afklæðst og síðan klætt K úr fötunum. Ákærði segir, að pils K hafi staðið á sér, og því hafi það rifnað, þegar ákærði tók í það, eftir að þau höfðu verið mjög lengi í „kelerii“. Kveðst ákærði því hafa verið orðinn mjög æstur í að hafa samfarir við K, og hún hafi ekki síður verið æst í það. Ákærði man, að hann sleit brjóstahaldarann af K, og einnig man hann, að blússa hennar rifnaði, þegar hann ætlaði að draga hana til sín. Ítrekar ákærði, að það hafi verið æsingur, sem réð því, að fötin rifnuðu, og einnig „töffaraskapur“ af sinni hálfu.

Ákærði segir, að samfarir sínar og K hafi farið fram með samþykki hennar og einu sinni. Kom þetta af sjálfu sér, og sagði hún hvorki já né nei, streittist aldrei á móti, og aldrei kveðst ákærði hafa lagt á hana hendur. Ákærði segir, að þau hafi síðan sofnað allsnakin í rúminu.

Ákærði kveðst ekkert hafa orðið var við það, að K segði, að hún væri með tídatappa, né kveðst hann hafa orðið var við hann við samfarirnar. Ákærði telur samfarir sínar við K hafa verið harkalegar, án þess þó að um ofbeldi væri að ræða. Samfarirnar stóðu lengi, en ekki gerir ákærði sér grein fyrir því, hvort honum varð sáðfall. Ákærði segir, að þau hafi bæði verið afar drukkin, en þó muni hann með vissu, að hann hafi aldrei slegið K, og kveðst hann ekki hafa vitað, að hún var með blæðingar.

Ákærði segir, að séu meiðsli K af sínum völdum, sé það fyrir slysi, en ekki af ásetningi, og hafi gerst í svefni í þröngu rúmi hennar. Ákærði neitar því algerlega, að hann hafi barið K í kvið með krepptum hnefa, eins og hún lýsir því. Hann telur hugsanlegt, að hann hafi rekið hné eða olnboga í kvið henni um nóttina, á meðan þau sváfu.

Ákærði segir, að er þau vöknudu um morguninn, hafi farið vel á með þeim, og hafi þau rætt saman í mesta bróðerni og K m.a. sagt sér frá bilslysi, sem hún lenti í nokkrum árum áður, og hafi hún sýnt sér ör viðs vegar um líkama sinn, sem væru afleiðingar slyssins. Segir ákærði, að sér hafi ekki verið kunnugt um fötlun K fyrr en um morguninn.

Ákærði segir, að um nóttina hafi K vakið sig, og hafi hún þá verið búin að kasta upp, og morguninn eftir hafi hún kvartað undan eymslum í eggjastokkum.

Ákærði kveðst ekki hafa beðið K afsökunar á háttsemi sinni, er þau vöknudu, enda engin ástæða til, þar sem samfarirnar hafi verið með vilja

hennar. Hann kannast ekki við, að K hafi haft orð á því í veitingahúsinu, að ekkert kynferðislegt kæmi til greina.

Ákærði, sem er í sambúð, segir áður hafa komið fyrir, að hann hafi verið næturlangt að heiman, en þó hafi hann ekki haldið fram hjá sambýliskonu sinni fyrr en í umrætt sinn. Ákærði kveður það eina glæp sinn í þessu máli.

Framburður ákærða um það, sem gerðist næsta dag, er með áþekkingu hætti og framburður K í flestum atriðum. Ákærði telur sig þó hafa keypt bæði malt og appelsín og kannast, eins og áður greinir, ekki við að hafa beðist afsökunar á háttsemi sinni.

Vitnið A, [...], Reykjavík, segir K hafa hringt til sín um hádegisbil þriðjudag 6. september sl. og spurt, hvort hún mætti koma til vitnisins. Heyrði vitnið, að eitthvað var að, og sagði K að taka bíl þegar í stað. Vitnið tók á móti henni og sá, að hún var mikið kvalin og eins og í keng og kvartaði um verk í maga.

Vitnið segir, að K hafi sagt, að sér hefði verið nauðgað af manni, sem hún hefði boðið heim. Fór vitnið með hana, fyrst á slysadeild Borgarspítalans og þaðan á kvennadeild Landspítalans. Þaðan fór vitnið með K heim til sín, en henni versnaði, og hringdi vitnið á næturlækni um klukkan 17 og sendi K á slysadeild í sjúkrabifreið um klukkan 19.45. Þá var K búin að segja vitninu, að hún hefði fengið ógurlegt högg í kviðinn, og því hefði hún orðið að láta undan manningnum, sem hún vissi ekki, hvað hétí. Þá kvað hún hann hafa beðið sig afsökunar, og vildi hún ekki kæra hann, þar sem hann væri með stúlku, og myndi hún þá eyðileggja samband þeirra.

Rannsóknarlögreglan hafði tal af sjómanni, sem kvaðst hafa hitt ákærða skammt frá heimili K alveg um klukkan 12 6. september sl. Var ákærði þá með lykila í höndum og maltflösku, en hann sagðist hafa skroppið út í „sjoppu“ eftir malti. Sjómaðurinn átti að koma um borð í skip sitt klukkan 14 þennan dag og telur sig hafa haft orð á því við ákærða.

Afgreiðslustúlka í söluturni í næsta nágrenni við heimili K staðfesti við rannsóknarlögreglu, að umræddan þriðjudag hefði komið í söluturninn stúlka mjög illa á sig komin, og hefði hún þekkt einhvern í söluturninum og sagt honum, að einhver, sem hún nefndi nafn á, hefði barið sig og farið illa með sig. Hafði viðmælandi stúlkunnar orð á því, að hann skyldi drepa manninn. Þá sagði afgreiðslustúlkan, að umrædd stúlka hefði hringt í einhvern mann og síðan leigubifreið. Lýsti afgreiðslustúlkan stúlkunni svo, að hún hefði verið grátandi, eins og hún ætti mjög bágt.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4, Reykjavík, Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumáður, Bjarnastaðavör 3, Bessa-staðahreppi, og Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumáður, Arnar-

tanga 17, Mosfellsbæ, unnu að rannsókn málsins og hafa við meðferð þess fyrir dóminum staðfest skýrslur sínar og önnur verk sín.

Í vottorði Jóhannesar M. Gunnarssonar, sérfræðings í almennum skurðlækningum á Borgarspítalanum í Reykjavík, dagsettu 13. september sl., segir svo um K:

„Lögd inn bráðainnlögn milli kl. 10.00 og 11.00 að kvöldi 6.9. 88. Hafði þá um hádegisbil þann dag leitað á slysadeild og uppgaf þá, að sér hefði þá um nóttina, aðfaranótt 6.9., verið nauðgað. Hún var send til skoðunar á kvensjúkdómadeild Landspítalans, svo sem venja er í slíkum tilvikum, en fór þaðan heim eftir skoðun, síðan send af vaktlækni aftur á slysadeild vegna einkenna um dreifða lífhimnubólgu. Við skoðun við komu á Borgarspítalann að kvöldi 6.9. hefur hún öll einkenni um dreifða lífhimnubólgu. Ómskoðun af kvið sýnir merki um frían vökva í kviðarholi. Hún er illa haldin af verk. Tekin til aðgerðar þá þegar, og kemur í ljós, að sjúklingur hefur hlotið rof eða fengið gat á görn. Greinilega er mar á görninni þar í námunda, og virðist sem um áverka sé að ræða. Sjúklingur gaf sömuleiðis upp við komuna öðru sinni, að til átaka hefði komið milli sín og nauðgarans í upphafi verknaðarins.

Gert var að þessu gati á görninni og kviðarhol hreinsað af þarmainnihaldi, sem var þar fljótandi um.

Ástand sjúklings við komu var mjög alvarlegt og áverkinn lífshættulegur, en eftir aðgerð hefur sjúkl. batnað eðlilega og er nú úr allri lífshættu.“

Í vottorði Jóhönnu Jónasdóttur, aðstoðarlæknis á kvennadeild Landspítalans, dagsettu 16. september sl., segir, að K hafi 6. september sl. komið á kvennadeildina fyrir beiðni lækna slysadeildar Borgarspítalans til að fjarlægja tíðatappa úr leggöngum hennar, og hafi lækningin gert það.

Í öðru vottorði Jóhönnu læknis, dagsettu 26. september sl., kemur fram, að hún hafi ekki verið beiðin um rannsókn vegna nauðgunar, þegar hún fjarlægði tappann, enda ætlaði K ekki að kæra nauðgun.

Í vottorði Ernu Þorleifsdóttur, félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans, dagsettu 19. desember sl., segir svo m.a. um heilsufar vitnisins K:

„Það vottast hér með skv. beiðni, að K hefur komið reglulega einu sinni í viku í viðtöl til undirritaðrar síðan 14. september 1988. Þann dag var K útskrifuð af Borgarspítala eftir árás þá, er hún varð fyrir og varðar mál þetta.

Er skemmst frá að segja, að stórstígar framfarir hafa verið hjá K þessa þrjá mánuði. Hún kom hingað niður brotin og vart í raunveruleikatengslum í fyrstu. Nú vinnur hún á vernduðum vinnustað hálfan daginn, og er allt geðslag breytt til eðlilegra horfs.

Hún mun halda áfram að hitta mig hér einu sinni í viku um óákveðinn tíma.“

Í vottorði Odda Erlingssonar, sálfræðings á geðdeild Landspítalans, dagsettu 15. desember sl., segir, að samkvæmt niðurstöðum úr sálfræðilegu mati á vitninu K sé starfhæf greind hennar innan meðaltals (við neðri mörk), en hún eigi við alvarleg tilfinningavandamál að stríða. Framkoma hennar birtist aðallega í deyfð og sinnuleysi, sem að öllum líkindum séu viðbrögð við miklum kvíða, þunglyndi og félagslegri einangrun. Rætur þessa vanda megi að hluta rekja til hlutbundinnar og ósveigjanlegrar hugsunar, og sé aðlögun að nýjum og breyttum aðstæðum K erfið. Slíkar aðstæður hafi K ekki á valdi sínu og bregðist við með tilfinningalegu jafnvægisleysi, sem taki á sig psychótískan blæ.

Tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði fatnað þann, sem K var í umrætt sinn, og tók rannsóknarlögreglan fatnaðinn á heimili hennar 8. september sl.

Í skýrslu Ragnars Vignis aðstoðaryfirlögregluþjóns segir svo m.a. um þessa skoðun:

1. *Pils*, brúnt „mínipils“ úr 100% þaðmull, stærð - S, - vörumerki Thomas Basic's. Tveir vasar eru framan á pilsinu og tveir að aftan. Rennilás, 16 cm langur, er framan á pilsinu, og 11 cm löng klauf er á því bæði að framan og aftan. Pilsíð er rífið að framan frá enda rennilássins og niður úr klauf að framan. Blóðblett er að sjá við hægri vasa. Vinstri vasi að aftan er rifinn frá á 3 cm kafla að utanv. Þá er pilsíð sundur tætt á 16 cm löngum kafla, sem er 4 cm frá pilsfaldi neðst og upp, rétt vinstra megin við miðju. Blóðkám er á neðanverðu pilsinu hægra megin, um 3 cm ofan við fald neðst, 8 cm upp á 10 cm breiðum kafla.

2. *Blússa*, svört að lit með rauðum kraga úr teygjanlegu efni, 82% nælon og 18% elastane. Blússan er með löngum ermum og rennilás frá hálsmáli og niður, 22 cm löngum. Rennilásinn er rifinn frá blússunni á 15 cm löngum kafla h. megin og niður úr, síðan hefur blússan rifnað út frá rennilásnum á 8 cm kafla til hægri og 15 cm til vinstri. Smá-saumsprettur eru undir höndum báðum megin, 3-4 cm. Daufir blóðblettir sjást á kraga hægra megin.

3. *Sokkabuxur*, úr nælonefni. Nokkur smágöt eru á buxunum, en þær eru órifnar og enga óeðlilega bletti á þeim að sjá.

4. *Brjóstahaldari*, gerð Triumph cup B, stærð 75/34. Hann hefur verið rifinn í sundur að framan, þar sem hann er 4 cm breiður milli bolla, og teygjufaldur, sem er neðst á brjóstahaldaranum, hefur rifnað frá á 25 cm löngum kafla. Blóðkám er á bolla fyrir vinstra brjóst.

Hvorki ákærði né K geta gefið skýringar á blóðblettunum á fötum hennar.

Niðurstöður.

Ákærði heldur fram sakleysi sínu, og hafi hann haft samfarir við vitnið K með samþykki þess. Hann vefengir ekki, að áverkinn í kvið vitnisins sé af sínum völdum, en þar hafi verið um óviljaverk að ræða, og hafi hann ekki barið hana í kviðinn.

Vitnið K heldur fast við það, að ákærði hafi haft við það samfarir nauðugt og áður barið það í kvið með krepptum hnefa.

Sannað er með læknisvottorðum, að vitnið K hafi fengið högg á kvið, sem leitt hafi til lífshættulegs áverka í kviðarholi vitnisins. Telja verður með ólíkindum, að slíkur áverki hljótist af slysi. Er því sannað með framburði vitnisins K og læknisvottorðum þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi valdið þessum áverka með vísvitandi líkamsárás, sem leiddi til meiðsla þeirra, er vitnið hlaut.

Með læknisvottorðum og framburði vitnisins K er sannað, að ákærði hafi haft við það samfarir umrætt sinn, enda þótt það væri með tíðatappa, og að undangengnu höggi á kvið. Er óhugsandi, að nokkur kona leyfi samfarir við sig af fúsum vilja við þessar aðstæður. Er þetta til þess að styðja framburð vitnisins um það, að samfarirnar hafi farið fram að óvilja þess. Þá styrkir það einnig það, að um nauðung hafi verið að ræða, að pils, blússa og brjóstahaldari vitnisins var rífið. Þetta allt og höggið á kvið vitnisins, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa valdið með refsiverðum hætti, þykir allt sameiginlega styðja framburð vitnisins K, sem einnig hefur stóð í framburði systur hennar og A, áður en vitnið var skorið upp, að ákærði hafi með ofbeldi og líkamsmeiðingum haft samfarir við vitnið K umrætt sinn. Hefur ákærði þar með gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærinni og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærða.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði síðan 1982 sætt 10 sinnum refsí-dómi, þar á meðal (1986) 15 mánaða fangelsi fyrir ránstílaun. Auk þess hefur hann 12 sinnum undirgengist sektargreiðslu fyrir ýmis brot. Honum var 23. jan. 1987 veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsivistar, 405 dögum.]

Refsing.

Ákærða verður ákvörðuð refsing með hliðsjón á 77. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli hans, en ákærði hefur áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot. Þá verða þeir 405 dagar, sem ákærði fékk reynslulausn á 23. janúar 1987, felldir inn í refsingu ákærða nú, sbr. 60. gr. almennra heg-

ingarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af þessu öllu fangelsi fjögur ár og sex mánuði.

Gæsluvarðhald.

Ákærði sætti, eins og áður greinir, gæsluvarðhaldi frá 14. september sl. klukkan 17.05. Hann var látinn laus 28. september sl. klukkan 16. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að framangreint gæsluvarðhald, 14 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Skaðabætur.

Af hálfu K hefur verið sett fram á hendur ákærða ósundurliðuð bóta-krafa, að fjárhæð 400.000,00 krónur, fyrir þann miska, sem ákærði hafi gert K vegna líkamsmeiðingar og nauðgunar umrætt sinn, auk almennra sparisjóðsvaxta frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krefst þess, að hún verði stórlega lækkuð.

Ákærði telst bótaskyldur gagnvart K vegna þeirrar háttsemi, sem hann er sakfelldur fyrir. Þykir kröfu hennar í hóf stillt miðað við alvarleika brotsins, og verður ákærði dæmdur til þess að greiða K 400.000,00 krónur auk almennra vaxta frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur.

Málið flutti af ákæruvaldsins hálfu Björn Helgason saksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Skúli Helgi Skúlason, sætti fangelsi fjögur ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu skal koma 14 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði K 400.000,00 krónur í miskabætur ásamt almennum vöxtum frá 6. september 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 40.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar héraðsdómslögmanns, 40.000,00 krónur.